

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

1. gr.

Hunda- og kattaeygendur í Sveitarfélaginu Stykkishólmi skulu greiða leyfisgjald skv. 13. gr. samþykktar um hundahald í Stykkishólmsbæ nr. 966/2015 og 12. gr. samþykktar um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Stykkishólmsbæ á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vesturlands nr. 4/2020.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund skal vera 21.000 kr. fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött skal vera 6.550 kr fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins. Gjaldldagi er 1. október og eindagi 30. október. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á katta- eða hundahaldi innan ársins.

3. gr.

Eigandi hunds sem er skráður hjá sveitarfélaginu fær 40% afslátt af hundagjaldi eftir að hafa lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

4. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda skal vera 27.610 kr. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera 12.350 kr. fyrir 1. skipti, 18.450 kr. fyrir 2. skipti og 24.700 kr. fyrir 3. skipti. Fyrir hunda sem ekki er skylda að skrá eða eigandinn er utanaðkomandi skal gjaldið vera eins og fyrir skráða hunda 12.350 kr.

Handsömunargjald fyrir óskráða ketti skal vera 27.610 kr.

Óheimilt er að afhenda hunda og ketti án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferða.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

5. gr.

Undanþegnir leyfisgjaldi eru leitarhundar björgunarsveita og hjálparhundar fatlaðra og skal ljósrit af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms, er sett samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, samþykkt um hundahald í Stykkishólmsbæ nr. 966/2015 og samþykkt um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Stykkishólmsbæ á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vesturlands nr. 4/2020. Gjaldskrá þessi öðlast gildi

Nr. 1777

18. desember 2024

við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1484/2023 fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms 12. desember 2024.

Stykkishólmi, 18. desember 2024.

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2025